

Nr. 116 / 11 Örfirisey RE 4***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2170
Smíðaður: Noregi 1988, stál
Stærð: 940,2 brl. 1845 bt.
Mesta lengd: 65,47 m Skráð lengd: 57,67 m
Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m
Vél: Wichmann 3000 kW 1988
Fjöldi skipverja: 27



Örfirisey©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. febrúar 2011 var Örfirisey RE 4 á togveiðum í Suðvesturdjúpi. Veður: SA 15 m/s og ölduhæð 3-4 m.

Tveir skipverjar unnu við úrsláttarvél á vinnsluþilfari og þegar annar keyrði plötuvagninni frá frystipressu ætlaði hinn að ganga að henni en þá brotnaði gólfgrind undan vinstri fæti hans. Festist fóturinn í gatinu og féll skipverjinn þá fram fyrir sig. Í fallinu koma hann hægri fætinum fyrir sig og jafnframt lenti handakrikinn niður á brík færíbands sem þar var fyrir. Slasaði kenndi eymsla í vinstri fæti og handarkrika og bólgnaði hann upp á báðum stöðum en hélt áfram vinnu það sem eftir var túrsins.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða er svæðið sem göngupallarnir voru á undir miklu álagi af völdum þungra frosinna panna (30 kg.) sem vilja falla úr pönnuvagni eða höndum starfsmanna. Göngubrautirnar eru nær 15 sm ofan við þilfarið og þar sem hægri fótur slasaða kom niður í fallinu vill vera hált vegna glussaleka frá ásláttartækjum;
- að strax eftir slysið var skipt um grindarpallana á þessu svæði.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að pallgrindurnar voru slitnar.